



Þjóðskrá

8. desember 2009

Vísað er til tölvupósts allsherjarnefndar Alþingis frá 24. nóvember 2009 þar sem óskað er umsagnar Þjóðskrár um frumvarp til laga um þjóðaratkvæðagreiðslur, 112. mál.

Þjóðskrá gerir athugasemdir við tvær greinar frumvarpsins. Annars vegar 4. gr. og hins vegar 6. gr.

Í 3. mgr. 4. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir að halda megi þjóðaratkvæðagreiðslu samhliða kosningum til sveitarstjórna eða Alþingis eða forsetakjörs. Kjörskrárkerfi landsins, sem Þjóðskrá hýsir, var þannig úr garði gert að ekki var reiknað með að tvennar kosningar, eins og að framan greinir, yrðu á sama tíma. Til þess að svo geti orðið þarf að breyta kerfinu. Ef ætlunin er að halda tvennar kosningar næstkomandi vor, eins og t.d. er boðað í 4. gr. frumvarps til laga um stjórnlagabæing (152. mál), þarf að ráðast í þessar breytingar sem allra fyrst. Þjóðskrá hefur áætlað kostnað vegna þessa og ætti hann ekki að verða meiri en 2 milljónir króna.

Í 2. mgr. 6. gr. frumvarpsins skal viðkomandi ráðuneyti senda **öllum heimilum í landinu** sérprentun þeirra laga sem forseti synjar staðfestingar. Nú er það svo að erfitt gæti reynst að skilgreina hvað sé heimili í þessu tilviki (hversu mörg eintök ætti t.d. að senda á eitt hvert dvalarheimili aldraðra) og á mörgum heimilum í landinu búa útlendingar sem ekki eiga kosningarrétt við þjóðaratkvæðagreiðslu, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Í greinargerð frumvarpsins er talað um að kynningin eigi að ná til kjósenda. Í ljósi þessa væri rétt að orða greinina þannig að „senda kjósendum í landinu sérprentun laganna“ því þegar þetta ákvæði á við liggur fyrir hverjir mega kjósa, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Þá þyrfti enn fremur að vera í greininni ákvæði um hvernig eigi að kynna lög þeim þúsundum kjósenda sem eru á kjörskrá með búsetu erlendis. T.d. mætti orða nýjan málslíð sem kæmi á eftir þeim fyrsta þannig að „Utanríkisráðuneytið skal, miðað við sama tíma, kynna kjósendum erlendis lög á þann hátt sem vænlegast þykir.“

Bent skal á að í 9. gr. frumvarps til laga um stjórnlagabæing skal efni er varðar þá grein dreift til allra kjósenda.

Hvað varðar heiti dómsmála- og mannréttindaráðuneytisins í frumvarpinu vísast til umsagnar Þjóðskrár frá 11. nóvember 2009 um frumvarp til laga um kosningar til Alþingis (persónukjör), 102. mál.

F. h. r.



Skúli Guðmundsson
skrifstofustjóri

